

# Eystrahorn

42. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 26. nóvember 2020

www.eystrahorn.is

## Jólavættir og ratleikur á Höfn

Ljóst er að hefðbundinn jólaundirbúningur og jafnvel jólahaldið sjálft verði nú með nýju sniði. Mikil óvissa hefur einkennt misserið og margt farið fram á annan hátt en áætlað var. Vegna sóttvarnaaðgerða stjórnvalda hefur aðventuhátíð Menningarmiðstöðvar verið aflýst, en ekki er öll nótt úti. Óvenjulegir tímar kalla á óvenjulega nálgun sem getur skapað skemmtilegt nýnæmi. Því ætlar Menningarmiðstöðin að færa jólastemninguna út í þorpið og hefur fengið til liðs við sig unga og efnilega hornfirska listamenn. Selma Ýr Ívarsdóttir, Daniel Snær Garðarsson og Saga Skrýmsdóttir hafa endurskapað forna vætti, fært þær til byggða og sveipað sönnum jólaanda.

Jólavættirnar eru sex talsins og munu birtast ein af annarri í gluggum og á húsveggjum víða um Höfn. Það er því kjörið að fara saman í gönguferðir um bæinn og svipast um eftir þessum óvæntu jólagestum. Yngri kynslóðinni gefst kostur á að taka þátt í ratleik þar sem þau finna og skrá allar vættirnar og staðsetningu þeirra. Svörin má senda á Menningarmiðstöð í Facebook skilaboðum eða koma á bókasafnið og



Daniel Snær Garðarsson, Saga Skrýmsdóttir og Selma Ýr Ívarsdóttir

fylla út þáttökuseðil. Dregið verður úr réttum svörum á þrettándanum (6. janúar 2021) og þrenn verðlaun verða veitt. Um heppna vinningshafa verður tilkynnt á Facebook síðu Menningarmiðstöðvar. Um leið og jólavættirnar afhjúpa sig og koma Hornfirðingum í hátíðarskap mun þeim einnig verða ljóst hversu hæfileikaríkir listamenn eru að vaxa hér úr grasi. Vættirnar eru hand- og höfundarverk þessara listamanna og Menningarmiðstöðin þakkar Selmu,

Sögu og Daniel hjartanlega fyrir að glæða þær lífi með svo metnaðarfullum hætti. Það er von okkar að framtakið hvetji til útivistar og samveru á aðventunni og skapi samtál um íslenska sagnahefð og jólahald.

Megi allar góðar jólavættir vaka yfir Hornfirðingum og lýsa upp svartasta skammdegið.

Gleðilega aðventu!



**Opíð alla laugardaga frá kl. 13:00-16:00 fram að jólum.**

**Opíð virka daga frá kl. 13:00-18:00**

Úrval af góðum rúmum og dýnum fyrir allan aldur og fallegir höfðagaflar  
Einnig hlífðardýnur, lök, rúmföt, sængur og kotta Pottablómið Jólastjarnan er komin

Símar: 478-2535 / 898-3664





**KIRKJURNAR Í  
BJARNANESPRESTAKALLI**  
Fylgist með á internetinu á  
sunnudaginn þegar við birtum

helgistund frá Hofskirkju.  
Hægt verður að horfa á YouTube og Facebook.

*Prestarnir*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Fundur um fjárhagsáætlun 2021

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu verður einn fundur um fjárhagsáætlun 2021 þann **3. desember kl. 17:00** og verður hann sendur út rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins og einnig á youtube rás sveitarfélagsins. Hægt verður að senda inn spurningar á *slido.com* undir Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2021 event code # 29853.

Íbúar eru hvattir til að mæta á fundinn og kynna sér rekstur sveitarfélagsins og eiga samtál við bæjarstjóra, starfsmenn og kjörna fulltrúa.

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Umsóknir - Styrkir

Ungmennasambandið Úlfjótur auglýsir eftir umsóknum í styrktar- og afrekssjóð USÚ.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi **mánudaginn 14. desember.**

Upplýsingar um hvað á að koma fram í umsókninni og allar nánari upplýsingar eru á [www.usu.is](http://www.usu.is).



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófaralestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

**Eystrahorn**

**Vildaráskrift**

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAMENN ATHUGIÐ



Öll starfsemi á vegum

Félags eldri Hornfirðinga liggur niðri það sem eftir er ársins 2020.

Förum varlega á næstu vikum svo við getum átt gleðileg jól með ættingjum og vinum.

Verum bjartsýn á að nýtt ár geti hafist með öflugum félagsstarfi.

## Sveinbjörg nuddari

*Minni á gjafabréfin í nudd*

Tilvalið að setja með í pakkann nett gjafasett frá Villimey.is

Sími : 869-2364



## VERKEFNA- STJÓRI

### Verkefnastjóri á skrifstofu Skinney-Pinganes hf

Skinney - Pinganes óskar eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Höfn í Hornafirði. Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna sjálfstætt en jafnframt eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla og þekking í mannauðsmálum er æskilegt og háskólapróf áskilið. Lögfræðimentun er kostur.

#### Helstu verkefni eru:

- Samningamál
- Mannauðsmál
- Öryggismál
- Staðlamál
- Ýmis tilfallandi verkefni

Umsóknun skal skilað til Aðalsteins Ingólfssonar, forstjóra, á [adalsteinn@sth.is](mailto:adalsteinn@sth.is) fyrir 11. desember nk. Frekari upplýsingar er hægt að fá í síma 892 3432 (Aðalsteinn) eða 699 6103 (Guðrún).

Skinney-Pinganes hf. rekur fjölbreytta útgæð og vinnslu á sjávarvafurum á Höfn og í Þorlákshöfn. Félagið flytur mest af afurðum sínum út sjálf, ýmist baint frá fyrirtækinu sjálfu eða í gegnum dótturfélag þess. Hjú fyrirtækinu starfa að jafnaði 300 manns. Skip og vinnslur eru vel tækjum búna og fyrirtækið býr að stórum hópi góðra starfsmanna.

**SKINNEY PINGANES**


Krosssey / 780 Hornafjörður / 470 8100 / [www.sth.is](http://www.sth.is)



# Jöklamælingar FAS í þrjátíu ár

Hátt á annað þúsund nemendur hafa farið í jöklamælingaferð á síðustu þremur áratugum. Í október 1990 birtist grein í Eystrahorni þar sem sagt er frá því að Framhaldsskólinn í Nesjum, eins og skólinn var kallaður þá, hafi verið beðinn um að sjá um mælingar á þremur skriðjöklum við Hornafjörð og á Mýrum. Mælingarnar voru í tengslum við Orkustofnun og kom starfsmaður þaðan til að aðstoða við mælingarnar. Í greininni er lútin í ljós sú ósk að þetta sé verkefni til framtíðar og mælingar fari fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Í annarri grein í sama tölublaði er sagt frá fyrstu mælingaferðinni en þá fóru nemendur og kennarar skólans að Fláajökli og Heinabergsjökli. Ferðin var í senn „til fræðslu og til vísindaiðkunar“ eins og segir í greininni. Aðstæður við jöklana tvo voru mjög ólíkar því sem nú er. Þá var hægt að ganga að jökulsporði Fláajökuls og mæla beint með málbandi frá ákveðnum punkti í jökuljaðarinn. Fyrir framan Heinabergsjökul er lón og þar þarf að beita svokölluðum þríhyrningsmælingum til að reikna út stöðu jökulsins hverju sinni.

Nú, þrjátíu árum síðar, eru nemendur FAS enn að skoða breytingar á jöklum. Frá árinu 2016 hefur skólinn notið aðstoðar sérfræðings frá Náttúrustofu Suðausturlands. Nemendur í inngangsfanga að náttúruvísindum fara á hverju hausti og mæla Heinabergsjökul og nemendur í jarðfræði fylgjast með vestanverðum Fláajökli. Í gegnum tíðina hefur sama þríhyrningsmælingaferðin verið notuð til að mæla Heinabergsjökul þar sem mælt hefur verið í jökuljaðarinn út frá tveimur fóstum mælilínunum (154-155 og 156-157) á landi. Það hafa orðið gríðarmiklar breytingar á jöklinum á þessum þremur áratugum. Norðan megin í Heinabergslóni hefur jökullinn verið að þynnast og hopa. Árið 2017 hafði jökullinn brotnað það mikið upp að ekki reyndist unnt að styðjast við nyrðri mælilínuna. Árið 2019 var annarri mælingaferð beitt þannig að fjarlægðarkikir er einnig notaður til að mæla vegalengdir í jökulsporðinn við sunnanvert Heinabergslón. Í síðustu ferð að Heinabergsjökli þann 21. október síðastliðinn voru einnig framkvæmdar þríhyrningsmælingar út frá mælilínu 156-157



Heinabergsjökull snemma árs 2017 (efri mynd) og sumarið 2020 (neðri mynd). Ef horft er á stöðu fremstu tungunnar mætti álíta að jökullinn hafi litið hopað á síðustu árum en þarna hefur hún legið í marga áratugi. Þegar nánar er skoðað sést hins vegar að hún hefur þynnst og mjökkað töluvert og er nú umlukin vatni til beggja hliða. Yfirborðshæð jökultungunnar hefur lækkað um 10-15 m árin 2019 til 2020 og fremstu þrír og hálfur kílómetrarir fljóta í lóninu. Eystri tungan (hægra megin við svörtu röndina) streymir fram í lónið og við það tapar jökullinn miklum massa. Ljósmyndir Náttúrustofa Suðausturlands/Snævarr Guðmundsson.

en ekki er víst hversu lengi það verður hægt því jökullinn er allur að þynnast og minnka og líkur á því að hann verði horfinn úr mælilínunni í náinni framtíð haldi jökullinn áfram að hörfa. Árið 2016 var aftur farið að mæla Fláajökul og er það hluti af námi nemenda sem læra jarðfræði. Þar er verið að nýta nýlegar gervihnattamyndir af jökulsporðinum vestan við Jökulfell. Notaður er fjarlægðarkikir og staðarákvörðunartæki (GPS) til að mæla vegalengdir frá ákveðnum punktum og síðan er nýjasta staða jökulsporðsins teiknuð inn á loftmynd. Þetta er nokkuð flókið en nemendur fá á móti að kynna vinnubrögðum í vísindunum. Það hefur verið mikil áhersla lögð á það í FAS að nemendur fylgist með náttúrunni og þeim

breytingum sem eiga sér þar stað. Á þessum 30 árum hafa á annað þúsund nemendur farið í jöklamælingaferð á vegum FAS. Líkt og í fyrstu ferðinni sem var farin fyrir 30 árum eru ferðirnar „til fræðslu og til vísindaiðkunar“ og margir fyrrum nemendur minnast slíkra ferða.

Á þessum þremur áratugum hafa safnast miklar upplýsingar um jöklamælingar sem og önnur vöktunarverkefni FAS. Þessar upplýsingar eru settar á <https://nattura.fas.is/> en verið er að uppfæra þann vef.

Eyjólfur Guðmundsson, FAS  
Hjördís Skírnisdóttir, FAS  
Snævarr Guðmundsson, Náttúrustofu  
Suðausturlands

## Hin árlega jólatréssala Kiwanis hefst laugardaginn 28. nóvember 2020



Opið verður allar helgar fram að jólum og hvetjum við fólk til sjávar og sveita að næla sér í lifandi jólatré fyrir komandi hátíð.

Opnunartími verður sem hér segir:

Helgina 28 - 29. nóvember frá 13:00 til 16:00.

Helgina 5. - 6. desember frá 13:00 til 16:00.

Helgina 12. - 13. desember frá 13:00 til 16:00.

Helgina 19 - 20. desember frá 13:00 til 16:00.

Einnig verður opið 21. - 23. desember frá 17:00 til 19:00.

Seljum líka jólalakkris, súkkulaði, friðarkerti kirkjunnar, Kiwanisgrímur og fleira til styrktar góðum málum.

Með jólakveðjum og fyrirfram þökk. Þess óska félagar í Kiwanisklúbbum Ós



## Kæru íbúar sveitarfélagsins

Ég er glöð yfir því að einhvers konar svar hefur komið fram við grein minni í Eystrahorni 12. nóvember sl. En ég er ekki eins glöð yfir innihaldi þess svars. Hér er um að ræða grein sem Ásgrímur Ingólfsson ritar í Eystrahorn 19. nóvember sl. Þar setur hann fram þá sýn sem hann hefur á málefnið, fyrirhuguð þétting byggðar í innbæ. Mér finnst innihald greinar Ásgríms vera að skauta fram hjá því sem málið snýst um nú sem áður.

Raunveruleiki er að Golfklúbbur Hornafjarðar sendi frá sér yfirlýsingu þar sem þremur húsum er mótmælt. Framkvæmdinni í heild hefur svo mikill meirihluti íbúa hverfisins mótmælt og um 100 aðrir íbúar sveitarfélagsins. Ég hef rökstutt hvers vegna. Þann rökstuðning má sjá í grein minni sem talað er um hér að ofan, í þessu sambandi má einnig vísa í minnisblað verkfræðings hjá Verkfræðistofunni Eflu þar sem fram kemur að ekkert vit er að fara í þessar framkvæmdir nema að athuguðu máli vegna jarðvegs þessa svæðis.

Það hvort fyrirhugað er að byggja tvö einbýlishús, raðhús eða blokk er ekki málið hvað varðar það tún sem við íbúar hverfisins sjáum fyrir okkur sem útivistarsvæði, það er að við viljum hafa þar útivistarsvæði og höfum rökstutt það vel af hverju, svar Ásgríms er að benda á samanlagða bletti hér og þar á stærð við fótbótavöll og svo á Hrossabítahagann og Þorgeirslund. Ég get engan veginn séð hvernig það svar fellur að ósk okkar. Túnið er fullkomið og við erum að tala um það sem útivistarsvæði það er í hverfinu og útsýnið frá því er fegurð fjalla og jökla. Sé þetta tún eyðilagt er eftir röndin fyrir framan raðhús Vesturbrautar og höllinn fyrir framan einbýlishúsin tvö sem Ásgrímur vill sjá á túninu. Lítið finnst Ásgrími um niðurstöður íbúakönnunar þar sem íbúar bentu á túnið sem ákjósanlegt svæði til útivistar en raunveruleikinn er samt sá að íbúar bentu á þetta svæði.

Í upphafi þessa máls var sagt að blikur væru á lofti um að lítil eftirspurn yrði eftir lóðum í náninni framtíð. Ég hef bent á og rökstutt vel að þessi fullyrðing stengt ekki skoðun, okkur hefur fjölgað umfram það sem ráð var fyrir gert. Sveitarfélagið Hornafjörður er ein heild og allir íbúar sveitarfélagsins teljast jafngildir. Í grein sinni minnst Ásgrímur svo ekki einu orði á fyrirhugaðar framkvæmdir í Lóni sem fara af stað í náninni framtíð. Þar mun rísa 75 herbergja hótél, 20 einbýlihus og tveir veitingastaðir, spa og gróðurhús til grænmetis og ávaxtaræktunar. Þar verða í boði hestaferðir, gönguferðir og bátsferðir svo eitthvað sé nefnt. Ofantalið mun skapa mörg störf og afleidd störf m.ö.o. þessum framkvæmdum mun fylgja mikill fjöldi fólks. Það er raunveruleiki að brýnt er að fara að skipuleggja stór svæði undir íbúabyggingu og um slík svæði er góð sátt meðal íbúa sveitarfélagsins. Ummæli Ásgríms um heimili okkar í dag vekja furðu mína, við hjónin kaupum sökkla og malarpúða okkar heimilis árið 1988. Þau sem hófu framkvæmdirnar 1982 hættu við, vegna mikils kostnaðar t.d. vegna þess að reka þurfti súlur niður á níu metra dýpi til að komast niður á fast.

Að lóðir hafi verið á aðalskipulagi síðan 2003 og enginn byggt á þeim er vegna þess að þær hafa ekki verið settar inn á deiliskipulag fyrr en nú, þeim hefur ekki verið úthlutað af þeim ástæðum að þær hafa verið taldar svo dýrar í framkvæmd bæði fyrir sveitarfélagið og væntanlega húsbýggjendur. Þetta er raunveruleiki. Það að ætla að setja allan kostnað á væntanlega húsbýggjendur stuðlar að líkindum ekki að jöfnum lífsskilyrðum.

Þeir sem gefa kost á sér og ná kosningu til starfa í stjórnsýslu sveitarfélagsins þurfa að gera sér grein fyrir því að starfið er þjónusta við okkur íbúana og ber að sinna því af nærgætni og auðmýkt. Ég er einn af íbúum sveitarfélagsins og í mínum raunveruleika er aldrei hvað maðurinn er heldur alltaf hver maðurinn er. Allir eru jafnir. Enginn er minni en annar og enginn er meiri en annar hvoru megin sem einstaklingur situr við borðið. Mínan skoðanir og skoðanir mikils meirihluta íbúa hverfisins sem þetta mál varðar, ættu að mínu mati að vegna þyngra en málarekstur sem er langtum veikari hvað varðar rök og sannleika.

Við sem erum í forsvari íbúa vegna þessa máls, höfum nú lagt fram ósk um að safna undirskriftum til að mál þetta fari í íbúakosningu. Ég mun virða niðurstöðu þeirrar kosningar og spyr þig Ásgrímur Ingólfsson munt þú gera það?

*Sveinbjörg Jónsdóttir íbúi í innbæ og sveitarfélaginu.*

## Ný vefsíða fyrir eldri aldurshópa



Föstudaginn 20. nóvember opnaði ný vefsíða fyrir eldri aldurshópa sem heitir "Aldur er bara tala" [www.aldurerbaratala.is](http://www.aldurerbaratala.is). Síðan er einnig á fésbókinni. Markmið síðunnar er að gefa eldri aldurshópum tækifæri til að hafa aðgang að fræðslu og ráðgjöf um mál er þá varða hvar sem þeir eru búsettir á landinu en mikil fjölgun er í hópi þeirra eldri borgara sem hafa náð að tileinka sér tölvutæknina. En eins og nafnið gefur til kynna að þá er Aldur bara tala og markmiðið líka að yngri aldurshópar og starfsfólk í öldrunarþjónustunni hafi gagn og gaman að því að skoða síðuna.

Aldur er bara tala er ætlað að veita leiðbeiningar, stutta ráðgjöf og fræðslu til eldri aldurshópa þar sem hægt er að senda fyrirspurnir í gegnum fyrirspurnarform á forsiðunni. Úrdráttur úr fyrirspurn og svari er síðan birt á síðunni til að það nýtist öllum og að sjálfsögðu undir nafnleyni. Að þessari ráðgjöf og fræðandi greinum koma Sólrún Erla Gunnarsdóttir félagsráðgjafi, Soffía Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur og Guðný Stella Guðnadóttir öldrunarlæknir. Fleira fagfólk mun bæstast í hópinn síðar.

Aldur er bara tala á einnig að hafa afþreyingargildi og jákvæð áhrif á heilsu og líðan með uppbyggilegum og skemmtilegum greinum og viðtölum. Við tökum einnig vel á móti innsendum greinum og vangaveltum er snúa að því göfuga hlutverki að fá að eldast. Aldur er bara tala er verkefni sem kemur til með að þróast með þeim sem nýta síðuna og eru því allar ábendingar og efni vel þegið á [aldur@aldur.is](mailto:aldur@aldur.is). Aldur er bara tala hlaut styrk úr Uppbyggingsráði Suðurlands og er í samstarfi við félagsmálaráðuneytið.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Styrkumsóknir fyrir árið 2021

Þeir sem vilja senda inn styrkumsókn vegna viðburða eða reksturs félagsamtaka þurfa að skila umsóknum fyrir 6. desember nk.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*





**Sólsker**  
Verð með vörur mínar til sölu í Netto  
20., 21. og 22. desember.  
Minni á gjafakörfurnar ljúffengu.  
Tek á móti pöntunum á gjafakörfum

**Ómar Fransson**  
s: 892-8945

---

**W dniach 20,21 i 22 grudnia odbedzie sie  
sprzedaz naszych produktow w Netto Hofn.  
Wiecej informacji pod numerem telefonu**

**Ómar Fransson**  
tel. 892-8945

## Jólaandinn kemur til þín



Þjóðum fyrirtækjum og einstaklingum að sækja sér og öðrum jólaandann í desember.

Þar sem ekki er möguleiki á því að halda jólatónleika þá langar okkur í Kvennakór Hornafjarðar að kanna hvort áhugi er fyrir því að fá okkur í fyrirtækið, heim eða senda öðrum að gjöf smá jólaanda?

Við höfum ekki setið auðum höndum enda ekki í okkar anda, við aðlögum okkur að aðstæðum.

Við ætlum að bjóða ykkur að kaupa jólasöng í smærri hópum „Christmas Caroling“

### Í boði er:


Föstudagurinn 18. desember frá kl. 16.00 – 18.00 og laugardagurinn 19. desember frá kl. 14.00 – 18.00

Verð kr. 10.000 á fyrirtæki

Verð kr. 3000 1-2 lög í heimahús.

Nánari upplýsingar og tekið á móti pöntunum hjá Önnu Lilju í síma 864-4767

*Jólakveðja Kvennakór Hornafjarðar.*



**Styrkumsóknir fyrir árið 2021**


Þeir sem vilja senda inn styrkumsókn vegna menningaverkefna þurfa að skila umsóknum fyrir 6. desember.

Atvinnu og menningarmálanefnd leggur áherslu á ár á að veita verkefnastyrki til þeirra sem eru með:

1. Áhugaverð verkefni, sýningar eða tónleika sem ýta undir þátttöku íbúa.
2. Streymissýningar þar sem afrakstur menningaverkefnis er streymt á netinu.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð með upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is> þar er hægt að fylla út eyðublað og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



**Sérstakur íþrótt- og tómstundastyrkur fyrir börn frá tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021**

Börn fædd 2005-2014 sem búa á tekjulægri heimilum eiga rétt á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum sem koma til viðbótar hefðbundnum íþrótt- og tómstundastyrkjum á skólaárinu 2020-2021. Ekki er heimilt að nýta íþrótt- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

Um er að ræða afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins samkvæmt fjárukalögum fyrir árið 2020 og lögum nr. 26/2020. Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem eru fædd 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020. Styrkurinn er 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Til þess að sækja um styrkinn þarf fyrst að fara inn á [www.island.is](http://www.island.is) og kanna hvort heimilið falli undir ofangreint tekjuviðmið. Ef réttur er til staðar er farið inn á íbúagátt sveitarfélagsins á [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is), og sótt um sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk fyrir skólaárið 2020/2021. Afrit í PDF formi sem staðfestir rétt til styrksins á [island.is](http://island.is) og greiðslukvittun fyrir kostnaði vegna íþrótt- og tómstundastarfs skal fylgja umsókn á íbúagátt.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum eða aðstoð við umsóknarferlið er hægt að senda póst á [skuliing@hornafjordur.is](mailto:skuliing@hornafjordur.is) eða hafa samband í síma 470-8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



# Vetrartilboð 2020-2021



## Fjölskyldutilboð

Lágmark 2 gestir

Íshellaferð fullorðnir 14.900 kr.

Íshellaferð börn 8.900 kr.

## Fjölskyldutilboð

Lágmark 4

Íshellaferð fullorðnir 12.900 kr.

Íshellaferð börn 7.900 kr.

## Tilboð fyrir hópa ( 10 + )

**Hópatilboð kr. 10.900 á mann m.v. 10 saman í hóp eða fl.**

## Hópatilboð með mat

Innifalið er Íshellaferð & matur frá Pakkhúsinu.

Ferðin hefst á Hala kl 14:00 og lýkur kl 20:00

Hópatilboð fyrir lágmark 10 manns, 15.900 kr á mann.

Gildir fimmtudaga, föstudaga og laugardaga í vetur.

Ef hópurinn vill fá alvöru hlöðustemningu og bæta við okkar ástkæra trúbador Villa Magg í tilboðið

## Ég þú og Villi Magg í hlöðunni

- Íshellaferð & matur frá Pakkhúsinu

Ferðin hefst á Hala kl 14:00 og lýkur kl 22:00

Hópatilboð fyrir lágmark 10 manns, 19.900 kr á mann

**Frábær samvera fyrir hópa á öllum aldri til að njóta í vetur. Íshellaferð, matur og gítarstemning í hlöðunni á Hala**



## Fjölskyldutilboð

Það er líka hægt að koma með nesti og fá afnot af grillinu og vera í hlöðunni eftir ferðina og eiga góða fjölskyldustund. Í hlöðunni eru spil, þar er hægt að mála á steina og hafa huggulegt. Allt hægt, bara heyrið í okkur!



## Matur frá Pakkhúsinu borinn fram í Hlöðunni

Kaldir smáréttir

Hægeldað naut með bernaïse sósu

Hvítlauksrækjur

Beikonvafðar döðlur

Kjúklingaspjót

Samloka með hráskinku og brie osti

Brownie

**Bókanir og upplýsingar  
info@glacieradventure.is**

Hópar sem vilja gista geta haft samband við [www.skyrhusid.is](http://www.skyrhusid.is)

